

Mál nr. 125/2018**M og
V v. Eignatryggingar lausafjár.****Heitur pottur við sumarbústað lak vatni þ. 25.5.2017****Gögn.**

Málskot móttengið þ. 20.4.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-5
Bréf V dags. 27.5.2018 ásamt fylgiskjölum 1-3.
Bréf M dags. 3.5.2018.

Málsatvik.

M keypti heitan pott síðla árs 2010 sem hefur hann verið í notkun síðan 2011. Haustið 2016 var potturinn tæmdur og blásið úr öllum leiðslum og síðan gengið tryggilega frá honum að sögn M. Í lok maí 2017 átti að gangsetja pottinn og fór þá að flæða undan honum miðjum að líkindum að mati M úr einni nudddælunni. M krefst bóta úr eignatryggingu sinni hjá V og byggir á því að hann eigi rétt á bótum skv. 9.gr. vátryggingaskilmála. V hafnar bótaskyldu og segir að vátryggingin taki einungis til vatnstjóns sem verður vegna þess að vatn streymir skyndilega og óvænt úr vatns-,hita- og skolplögnum, en sérstaklega sé tekið fram, að önnur tjón, svo sem bilanir á tækjum eða frostskemdir á lögnum bætist ekki. V telur að miðað við lýsingu M að lagnir hafi frostsprungið eða rofnað. Vatnslekinn sé því afleiðing bilunar/skemmdar en ekki orsakavaldur. V segir ekki hafa verið sýnt fram á að vatnstjón hafi orðið eða hvaðan vatnið í pottinum kom. M segir að áður en gangsetja hefði átt pottinn hafi þurft að fylla hann af vatni og hafi sú framkvæmd staðið yfir þegar vatn tók skyndilega að streyma úr pottinum. Þá segir M að bótaskylda skemmdin sé vegna þess að vatn streymi úr pottinum þegar lagnir bresta og hann sé ónothæfur.

Álit.

M vísar til greinar 9.1 í vátryggingaskilmálum hvað varðar bótaskyldu V. Í þeirri grein segir: "Félagið bætir skemmdir af völdum þess að vatn streymir skyndilega og óvænt úr vatns-,hita-, og skolplögnum. Sama gildir um flóð frá tækjum sem fasttengd eru lögnum þessum, svo sem salernisskálum, handlaugum, vöskum, baðkerum, þvottavélum eða upphvottavélum." Í málinu liggur fyrir að vatn streymdi ekki skyndilega úr vatns-, hita- og skolplögnum þegar heiti potturinn var hálfylltur af vatni og byrjaði að leka. Ástæða lekans er að mati M sú að nudddæla í pottinum hafi gefið sig, en það hefur ekkert með það að gera að vatn streymi skyndilega og óvænt úr þeim lögnum, sem tilgreindar eru í grein 9.1 vátryggingaskilmála. Þá hefur M ekki sýnt fram á tjón vegna þess atburðar sem hann vísar til og byggir kröfu sína á. M á því ekki rétt á bótum úr eignatryggingu lausafjár hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr eignatryggingu lausafjár hjá V.

Reykjavík 22.5.2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður.

Jón Magnússon lögmaður.